



Varðandi: Styrkir vegna menningar-, íþróttá- og atvinnumála 2016
Málsnúmer: 1509390
Dagsetning: 9. desember 2015

Tillaga að bókun bæjarráðs:

Bæjarráð samþykkir að styrkur að fjárhæð kr. 250.000,- verði veittur til jólaúthlutunar Mæðrastyrksnefndar Akraness. Fjármagninu verði ráðstafað af liðnum 2830-4995.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs

Á 28. fundi sínum þann 25. nóvember sl. fjallaði Velferðar- og mannréttindaráð um beiðnir Stígamóta, Kvennaathvarfsins og Mæðrastyrksnefndar á Akranesi um styrki. Eftirfarandi var bókað:

„Óskað er umsagnar Velferðar- og mannréttindaráðs um styrkbeiðnir frá Stígamótum, Mæðrastyrksnefnd og Kvennaathvarfi.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að orðið verði við umræddum styrkbeiðnum og vísar þeim til bæjarráðs“.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Styrkbeiðnir Stígamóta og Samtaka um Kvennaathvarf varða styrki til rekstrar árið 2016 og gert hefur verið ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun ársins 2016. Styrkbeiðni Mæðrastyrksnefndar er vegna jólaúthlutunar félagsins sem fram fer þann 15. desember nk.

Í erindi Mæðrastyrksnefndar í tölvupósti frá 2. nóvember 2015 er óskað eftir styrk vegna Jólaúthlutunar árið 2015. Framlag sveitarfélagsins var kr. 300.000,- árin 2013 og 2014.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

Jón Hrói Finnsson
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs